

Fjölgun tilkynninga í barnaverndarmálum

Þegar fyrstu fjórir mánuðir áranna 2008 og 2009 eru bornir saman kemur í ljós að tilkynningum hefur fjölgað úr 2.524 í 3.076. Fjölgunin milli ára fyrir landið í heild er 21,9%.

Hlutfall tilkynninga er mest í Reykjavík, en fjölgunin þar er tæp 40% ef bornir eru saman fyrstu fjórir mánuðir áranna 2008 og 2009.

Flestar tilkynningar fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 voru vegna áhættuhegðunar barna eða 48,1% allra tilkynninga. 32,2% tilkynninga voru vegna vanrækslu á börnum, 19,4% vegna ofbeldis gegn börnum og 0,3% vegna þess að heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu.

Umsóknum um meðferð og greiningu hefur fjölgað á þessu tímabili. Umsóknir voru 49 á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2008 en 55 á sama tímabili árið 2009. Umsóknum um Stuðla fjölgaði úr 22 í 30. Umsóknum um langtímameðferð fækkaði hins vegar úr 13 fyrstu fjóra mánuði ársins 2008 í 9 fyrstu fjóra mánuði ársins 2009.

Á neyðarvistun Stuðla voru fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 108 vistanir, en vistunardagar samtals 562. Fyrstu fjóra mánuði ársins 2008 var ekki hægt að fullnýta neyðarvistun vegna bruna sem þar hafði átt sér stað. Raunhæfast er því að bera saman við árið 2007 og kemur þá í ljós mikil aukning, en fyrstu fjóra mánuði ársins 2007 voru 69 vistanir og vistunardagar samtals 435 dagar. Innlögnnum á neyðarvistun Stuðla hefur því fjölgað verulega á fyrstu mánuðum þessa árs samanborið við fyrstu fjóra mánuði ársins 2007.

Umsóknir um MST fyrstu fjóra mánuði ársins 2009 voru 24. MST er gagnreynd aðferð til að meðhöndla alvarlegan hegðunarvanda unglinga á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimili fjölskyldunnar. Byrjað var að bjóða upp á MST meðferð um miðjan nóvember s.l.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 18 í 37 á umræddu tímabili. Mest var fjölgunin í umsóknum um tímabundið fóstur eða úr 12 í 30 á umræddu tímabili.

Umsóknum fólks sem óskar eftir að gerast fósturforeldrar hefur fjölgað og voru umsóknir 19 á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2009, en voru 14 á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2008.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu 4 mán 2008 | | Fyrstu 4 mán 2009 | |
|----------------------|----------------------|--------------|----------------------|--------------|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Reykjavík | 1.055 | 41,8 | 1.468 | 47,7 |
| Nágrenni Reykjavíkur | 597 | 23,7 | 642 | 20,9 |
| Landsbyggð | 872 | 34,5 | 966 | 31,4 |
| Samtals | 2.524 | 100,0 | 3.076 | 100,0 |

Ástæður tilkynninga

| Ástæður tilkynninga* | Fyrstu 4 mán 2008 | | Fyrstu 4 mán 2009 | |
|---|----------------------|--------------|----------------------|--------------|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Vanræksla | 700 | 27,7 | 991 | 32,2 |
| Líkamleg vanræksla | 38 | | 37 | |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 579 | | 797 | |
| Vanræksla varðandi nám | 33 | | 38 | |
| Tilfinningaleg vanræksla | 84 | | 128 | |
| Ofbeldi | 521 | 20,6 | 595 | 19,4 |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 179 | | 216 | |
| Líkamlegt ofbeldi | 173 | | 211 | |
| Kynferðislegt ofbeldi | 174 | | 176 | |
| Áhættuhegðun | 1.275 | 50,5 | 1.478 | 48,1 |
| Neysla barns á vímuefnum | 181 | | 187 | |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 274 | | 428 | |
| Afbrot barns | 630 | | 620 | |
| Barn beitir ofbeldi | 105 | | 138 | |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 102 | | 126 | |
| Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu | 28 | 1,1 | 9 | 0,3 |
| Tilkynningar alls | 2.524 | 100,0 | 3.073 | 100,0 |

*Athugið að aðeins má merkja við ein aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Upplýsingar vantar um 3 tilkynningar 2009.

Tilkynnendur

| Tilkynnendur | Fyrstu 4 mán 2008 | | Fyrstu 4 mán 2009 | |
|--|----------------------|-----------------|----------------------|-----------------|
| | <i>Fjöldi</i> | <i>Hlutfall</i> | <i>Fjöldi</i> | <i>Hlutfall</i> |
| Barnið sjálf | 16 | 0,6 | 17 | 0,6 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 106 | 4,2 | 139 | 4,5 |
| Nágrannar | 145 | 5,7 | 219 | 7,1 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 48 | 1,9 | 63 | 2,1 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 65 | 2,6 | 48 | 1,6 |
| Lögregla | 1.350 | 53,5 | 1.488 | 48,4 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 294 | 11,7 | 409 | 13,3 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 40 | 1,6 | 68 | 2,2 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 149 | 5,9 | 181 | 5,9 |
| Foreldrar barns | 193 | 7,6 | 311 | 10,1 |
| Aðrir | 118 | 4,7 | 130 | 4,2 |
| Samtals | 2.524 | 100,0 | 3.073 | 100,0 |

Upplýsingar vantar um 3 tilkynningar 2009

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | Fyrstu 4 mán 2008 | | Fyrstu 4 mán 2009 | |
|------------------|----------------------|--------------|----------------------|--------------|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Stuðlar | 22 | 44,9 | 30 | 54,5 |
| Götusmiðjan | 14 | 28,6 | 16 | 29,1 |
| Langtímameðferð | 13 | 26,5 | 9 | 16,4 |
| Samtals | 49 | 100,0 | 55 | 100,0 |

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

| Tegund fósturs | Fyrstu 4 mán 2008 | | Fyrstu 4 mán 2009 | |
|----------------|----------------------|--------------|----------------------|--------------|
| | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall |
| Tímabundið | 12 | 66,7 | 30 | 81,1 |
| Varanlegt | 2 | 11,1 | 2 | 5,4 |
| Styrkt | 4 | 22,2 | 5 | 13,5 |
| Samtals | 18 | 100,0 | 37 | 100,0 |

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| | Fyrstu 4 mán 2008 | Fyrstu 4 mán 2009 |
|--|----------------------|----------------------|
| | Samtals | 14 |

Umsóknir um MST

Samtals bárust 24 umsóknir um MST fyrstu fjóra mánuði ársins 2009.